

Starfsreglur

fyrir mats- og hæfisnefnd um starfsnám til að öðlast almennt lækningaleyfi og um sérnám í læknisfræði.

1. gr.

Markmið.

Markmið með starfi mats- og hæfisnefndar um starfsnám til að öðlast almennt lækningaleyfi og um sérnám í læknisfræði hér á landi er að tryggja gæði starfsnáms og sérnáms samkvæmt reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi hér á landi nr. 467/2015.

2. gr.

Skipan og aðsetur nefndarinnar.

Ráðherra skipar mats- og hæfisnefnd þriggja sérfræðilækna til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands og einn samkvæmt tilnefningu landlæknis. Skipa skal með sama hætti jafnmarga nefndarmenn til vara. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Aðsetur nefndarinnar skal vera á Landspítala sem leggur nefndinni til starfsaðstöðu og starfsmann sem heldur fundargerðir, fylgir málum eftir og heldur utan um starfsemi nefndarinnar milli funda.

3. gr.

Hlutverk.

Hlutverk nefndarinnar er:

- a. að meta og staðfesta marklýsingar fyrir starfsnám til almenns lækningaleyfis.
- b. að samþykkja marklýsingar fyrir einstaka sérnámsbrautir fyrir formlegt sérnám í læknisfræði hér á landi.
- c. að meta hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir starfsnám til almenns lækningaleyfis og til að annast sérnám í læknisfræði hér á landi.

4. gr.

Mat, staðfesting og samþykki marklýsinga.

Við mat nefndarinnar á marklýsingum skal lagt til grundvallar að meðal annars sé kveðið á um skipulag starfsnáms og sérnáms, inntöku í námsblokkir

og sérnám, innihald, fyrirkomulag og lengd starfsnáms og sérnáms og einstakra námshluta, gæðakröfur, handleiðslu og hæfismat.

Nefndin skal starfa í nánu samstarfi við nefnd sem skipuleggur námsblokkir fyrir starfsnám læknakandídata.

Við mat marklýsinga fyrir sérnám í læknisfræði skal nefndin kalla til sérfræðinga innan sérsviða læknisfræði og leita alþjóðlegrar ráðgjafar eftir því sem þurfa þykir.

Áður en marklýsingar fyrir sérnám í læknisfræði eru samþykktar skal nefndin leita umsagnar sérgreinafélaga, heilbrigðisstofnana/kennslustofnana, forstöðumanna fræðasviða við Háskóla Íslands og Embættis landlæknis.

Nefndin skal senda ráðherra marklýsingar fyrir starfsnám til almenns lækningaleyfis og fyrir sérnám í læknisfræði.

Nefndin skal reglulega senda Embætti landlæknis yfirlit yfir marklýsingar fyrir starfsnám til almenns lækningaleyfis og marklýsingar sérnámsbrauta fyrir formlegt sérnám í læknisfræði til birtingar á heimasíðu embættisins.

Nefndin skal endurskoða mat sitt á marklýsingum á fjögurra ára fresti eða oftar ef tilefni er til.

5. gr.

Mat á heilbrigðisstofnunum.

Við mat á hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir starfsnám til almenns lækningaleyfis og sérnáms í læknisfræði hér á landi, skal nefndin leggja til grundvallar viðmið sem nefndin setur. Viðmiðin skulu meðal annars byggja á faglegu mati á sérstökum faglegum skilyrðum til menntunar í starfsnámi læknakandidata og til sérnáms á viðkomandi sérsviði læknisfræði. Þá skal í viðmiðunum greint frá því hvernig samráði við stofnanir sem metnar eru skuli háttað.

Nefndin skal kynna fyrir heilbrigðisstofnum þau viðmið sem nefndin leggur til grundvallar mati sínu til að heilbrigðisstofnun geti öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir starfsnám til almenns lækningaleyfis og sérnáms í læknisfræði hér á landi.

Heilbrigðisstofnun skal tilkynna nefndinni um allar breytingar á starfsemi sem og á mönnun sem haft getur áhrif á hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir starfsnám til almenns lækningaleyfis og fyrir sérnám í læknisfræði. Skal nefndin þá taka til endurskoðunar mat sitt á stofnuninni.

Nefndin skal senda ráðherra yfirlit yfir þær heilbrigðisstofnanir og deildir heilbrigðisstofnana sem nefndin viðurkennir til að veita starfsnám og sérnám í læknisfræði á hverjum tíma

Nefndin skal reglulega senda Embætti landlæknis yfirlit yfir þær heilbrigðisstofnanir og deildir heilbrigðisstofnana sem nefndin hefur viðurkennt

til að veita starfsnám og sérnám í læknisfræði til birtingar á heimasíðu embættisins.

Nefndin skal endurskoða mat sitt á heilbrigðisstofnunum á fjögurra ára fresti eða oftar ef tilefni er til.

6. gr.

Viðmið vegna mats.

Stofnanir, deildir innan stofnana eða heilsugæslustöðvar sem taka að sér starfsnám læknakandidata eða sérnám skulu hafa lagt fram lýsingu á námsaðstæðum. Þar skal getið um mönnun, umfang og inntak starfseminnar á viðkomandi starfseiningu, fjölda og starfshlutfall sérfræðilækna, vinnufyrirkomulag, þ.m.t. hvað varðar væntanlega starfsnámslækna, faglega fundi, kennslu, faglega leiðsögn námslækna og önnur námstækifæri með hliðsjón af marklýsingu starfsnámsins. Ein marklýsing aðeins skal gilda vegna starfsnámsins, en einstakar deildir/stofnanir/stöðvar mega setja sér aukaleg gæðaviðmið vegna námsins. Tveir læknar eða fleiri með sérfræðiréttindi og í fullu starfi skulu vera á hverri námsstöð vegna starfsnámsins. Undantekningar frá þessu má gera fyrstu 3 árin frá setningu reglugerðar nr. 467/2015.

Í sérnámi þarf stofnun sem tekur að sér fullt sérnám eða sérnám að hluta að hafa marklýsingu sem gerð hefur verið sem samvinnuverkefni sérgreinafélags, forstöðumanna fræðasviðsins við Læknadeild Háskóla Íslands og forsvarsmanna viðkomandi einingar. Marklýsingin skal taka mið af viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum og þarf að taka til alls þess sérnáms sem veita á. Þá þarf að hafa lýsingu á umfangi og inntaki starfsemi á viðkomandi einingum þar sem sérnámið fer fram, á annari mönnun á starfseiningu, á tenglsum við aðrar stofnanir eða stuðningsúrræði sem varða sérnámið, á vinnufyrirkomulagi hjá sérfræðilæknum og sérnámslæknum, lýsingu á faglegum fundum og faglegri leiðsögn og annari faglegri starfsemi sem styður við sérnámið og við framkvæmd marklýsingarinnar. Miðað skal við a.m.k. þrjá sérfræðilækna í fullu starfi á námsstaðnum, þ.m.t. lækna sem hafa þekkingu í undirsérgreinum viðkomandi fags, ef slíkt á við. Lengd sérnáms sem veitt er að hluta til skal tilgreina, hvernig áfangamati er háttar og hvernig staðið verði að því að aðstoða sérnámslækni við frekara nám annars staðar. Úrræði vegna vandamála við framvindu náms hjá sérnámslækni skulu vera til staðar.

Stöður vegna starfsnáms og sérnáms skulu auglýstar með fullnægjandi hætti þar sem m.a. skal getið um verkefni, ábyrgð og hæfniskröfur.

7.gr

Fundir

Nefndin heldur fundi eins oft og þörf krefur. Skal formaður senda fundarboð með aðstoð starfsmanns nefndarinnar. Varamaður tekur sæti í nefndinni í forföllum aðalmanns og þegar aðalmaður er vanhæfur. Í forföllum varamanns

eða ef hann er einnig vanhæfur skal sá sem tilnefndi hann tilnefna mann í hans stað.

8. gr.

Pagnarskylda.


Nefndarmönum er skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í stafi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af störfum í nefndinni.

9. gr.


Gildistaka.

Starfsreglur þessar eru settar með stoð í 15. gr. reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi nr. 467/2015, og öðlast þegar gildi.

Reykjavík 28. júní 2016



Reynir Tómas Geirsson




Leifur Bárðarson
Leifur Bárðarson



Elínborg Bárðardóttir
Elínborg Bárðardóttir

Staðfesting heilbrigðisráðherra.

28. júní 2016



Kristján Þór Júlíusson